

Sveitarfélagið Ölfus  
Gunnlaugur Jónasson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 25. október 2021  
UST202110-050/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Vesturbyggð í Þorlákshöfn - Sveitarfélagið Ölfus**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 6. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Vesturbyggð sem er íbúðarbyggð í Þorlákshöfn.

Í greinargerð kemur fram að í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 86 íbúðum á íbúðarsvæðinu í rað-, par-, einbýlishúsum og fjölbýlum auk leikskólalóðar. Skipulagssvæðið er um 10 ha. að flatarmáli.

### **Hraun**

Í umhverfismati segir: *þar sem þetta sama hraun er undir allri Þorlákshöfn og umhverfi hennar er ekki um aðra staði að ræða til að byggja á í bænum. Því er staðsetning hverfisins ekki borin saman við aðra valkosti. Hins vegar segir í greinargerð: Enn fremur er hraunið á svæðinu sandorpið og hefur því víða misst verndargildi sitt. Leitast verður við að vernda hraunmyndanir en svæðið er skipulagt þannig að þær hraunmyndanir sem eru á skipulagssvæðinu, lendi innan opinna svæða.*

Umhverfisstofnun telur jákvætt að sveitarfélagið hafi farið í greiningu á því svæði sem hér er til skoðunar og tekur stofnunin undir mikilvægi á verndun hraunmyndana. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að unnin sé valkostagreining á framtíðaruppbyggingu þéttbýlis með tilliti til verndun hraunmynda.

### **Þéttbýlismörk**

Í greinargerð segir að þéttbýlismörk séu ákveðin í aðalskipulagi og gefa þau til kynna hvar áætlað er að raska svæðum fyrir uppbyggingu.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þó svo að sveitarfélagið hafi skilgreint þéttbýlismörk í aðalskipulagi þarf sveitarfélagið að taka tillit til 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

### **Þróun þéttbýlis**

Í greinargerð kemur fram að óhjákvæmilegt er fyrir þéttbýli Þorlákshafnar að þróast nema að forsögulegu hrauni verði raskað. Umhverfisstofnun bendir sveitarfélaginu á að skoða þann valmöguleika að þetta núverandi byggð, byggja upp vannýtt og þegar röskuð svæði

og huga að endurhönnun á svæðum innan núverandi þéttbýlis, en í kafla 3.2. í landsskipulagsstefnu 2015 - 2016 segir um sjálfbært skipulag þéttbýlis: „*Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags.*“

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að hugað sé að verndun hraunmyndana eins og kemur fram í greinargerð og sýnt er á upprætti deiliskipulags.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur